

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

I. Frá <i>Sigurði Bjarnasyni</i> og <i>Hannibal Valdimarssyni</i> . Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir). Við 5. Nýr liður:	
a. Selá í Nauteyrarhreppi	50 000
b. Múlaá	25 000
II. Frá <i>fjárveitinganefnd</i> . Við 13. gr. A. XI. Liðurinn orðist svo: Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi	80 000
III. Frá <i>samvinnunefnd samgöngumála</i> . Við 13. gr. B. 2. (Til bátaferða). Fyrir „500 000“ kemur	912 200
IV. Frá <i>Steingrími Aðalsteinssyni</i> . Við 13. gr. C. VIII. 2. (Akureyri). Fyrir „75 000“ kemur	250 000
V. Frá <i>Hermannni Guðmundssyni</i> . Við 13. gr. C. VIII. 5. (Hafnarfjörður). Fyrir „250 000“ kemur	350 000
VI. Frá <i>Sigurði Bjarnasyni</i> og <i>Hannibal Valdimarssyni</i> . Við 13. gr. C. IX. 16 (Lendingarbætur. — Hnífsdalur). Fyrir „50 000“ kemur	150 000
VII. Frá <i>Skúla Guðmundssyni</i> og <i>Jóni Pálmasyri</i> . Við 15. gr. A. III. 7. Nýr liður: Til endurbóta á Borgarvirki í Víðidal	10 000
Til vara	8 000
VIII. Frá <i>Jörundi Brynjólfssyni</i> , <i>Þorsteini Þorsteinssyni</i> , <i>Einari Olgeirssyni</i> og <i>Ásgeiri Ásgeirssyni</i> . Við 15. gr. A. VIII. 7. Nýr liður: Til rímnafélagsins, til útgáfustarfsemi	10 000
IX. Frá <i>Gylfa P. Gíslasyni</i> , <i>Sigurði Bjarnasyni</i> , <i>Sigurði Guðnasyni</i> og <i>Steingrími Steinþórssyni</i> . Við 15. gr. A. XII. 2. (Til leikskóla samkvæmt úthlutun menntamálaráðherra). Fyrir „25 500“ kemur	36 000
X. Frá <i>Sigurði Bjarnasyni</i> og <i>Hannibal Valdimarssyni</i> . Við 15. gr. A. XII. 11. Nýr liður: Til leikstarfsemi í Bolungavík gegn jafnmiklu framlagi frá Hóls- hreppi	1 000
XI. Frá <i>Jónasi Jónssyni</i> . Við 15. gr. A. XIX. Nýr liður: Til að undirbúa minnismerki um Jón biskup Arason, er reist verði í Skálholti fyrir árið 1950 og Einar Jónsson myndhöggvari fenginn til að gera	10 000
XII. Frá <i>Gylfa P. Gíslasyni</i> , <i>Gunnari Thoroddsen</i> , <i>Jörundi Brynj- ólfsyni</i> , <i>Einari Olgeirssyni</i> og <i>Guðm. Í. Guðmundssyni</i> . Við 22. gr. VI. Nýr liður: Að greiða Gunnlaugi Blöndal og Gunnlaugi Scheving listmálurum 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum (endurveiting).	
XIII. Frá <i>Katrínu Thoroddsen</i> , <i>Gylfa P. Gíslasyni</i> og <i>Sigurði Bjarnasyni</i> . Við 22. gr. VI. Nýr liður: Að greiða Ninu Tryggvadóttur listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.	
XIV. Frá <i>fjárveitinganefnd</i> . Við 22. gr. IX. Nýr liður: Að lána hafnarsjóði Bolungavíkur allt að 350 þús. kr. vegna skemmda, sem urðu á brimbrjótnum þar haustið 1946, þar til upplýst hefur verið, hvaða orsakir liggja til skemmdanna.	

- XV. Frá fjárveitinganefnd.
Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að verja allt að kr. 3 360 000 eða taka sömu upphæð að láni til sjálfvirkrar símsstöðvar á Akureyri, sæsíma yfir Hvalfjörð og firði á Barðaströnd og til póst- og símahúss í Hrutafirði.
- XVI. Frá Páli Zóphóníassyni.
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að endurgreiða á árinu toll af sænskum timburhúsum samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 1946, ef fært þykir vegna tekna ríkissjóðs.
- XVII. Frá Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Hannibal Valdimarssyni.
Við 22. gr. XVI. Nýr liður:
Að endurgreiða sjúkrahúsi Ísafjarðar halla, er það hefur beðið vegna dvalar utanbæjarsjúklinga á árunum 1942—1947, allt að 200 þús. kr.
- XVIII. Frá Sigurði Bjarnasyni og Hannibal Valdimarssyni.
Við 22. gr. XVII. Nýr liður:
Að greiða Tryggingasjóði sjómanna í Bolungavík 12 577.09 kr., enda hafi samþykktir sjóðsins verið færðar til samræmis við lög nr. 109 1943.
- XIX. Frá fjárveitinganefnd.
Við 22. gr. XXIV. Liðurinn orðist svo:
Að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, um allt að 35%, eftir jöfnum hlutföllum, eftir því sem við verður komið, ef ríkisstjórnin telur, að vinnuafli dragist um of frá framleiðslustörfum eða fyrirsjáanlegt er, að tekjur ríkissjóðs á árinu hrökkva ekki fyrir gjöldum. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1949.
- XX. Frá Sigurði Bjarnasyni og Hannibal Valdimarssyni.
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
Að verja allt að 75 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi, enda ráðstafi sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu fénu að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins.
- XXI. Frá Sigurði Bjarnasyni og Hannibal Valdimarssyni.
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
Að greiða Jóni Magdal, bónda í Engidal í Skutulsfirði, 12 þús. kr. skaðabætur vegna atvinnutjóns af völdum 12 ára sóttkvíar.